

# Greiðslufirlit RSK 2.025

## Vegna greiðslna til erlendra aðila o.þ.h.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að allir, sem innt hafa af hendi greiðslur á árinu 2000 til aðila, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. og 6. tl. 3. gr. laga nr. 75/1981, skuli skila með skattframtali sínu árið 2001 *Greiðslufirliti* vegna þeirra, sbr. 92. gr. sömu laga. Auglýsing þessa efnis var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 8. janúar 2001. Greiðslufirlit þetta ber heitið *RSK 2.025* og má nálgast það hjá skattstjórnum, ríkisskattstjóra og á upplýsingavefnum, [www.rsk.is](http://www.rsk.is).

### Hverjir bera takmarkaða skattskyldu?

Aðilar með takmarkaða skattskyldu eru allir þeir menn og lög-aðilar sem ekki bera fulla skattskyldu hér á landi skv. 1. gr. tilvitnaðra laga, svo sem aðilar með heimilisfesti erlendis og/eða menn sem dvalið hafa hér á landi skemur en 183 daga á sérhverju tólf mánaða tímabili. Aðilum með takmarkaða skattskyldu ber að greiða tekjuskatt af tekjum sem uppruna eiga hér á landi og eignarskatt af eignum sem hér eru, án tillits til þeirra tekna sem þeir kunna að afla annars staðar á sama tíma og eigna sem þeir kunna að eiga annars staðar.

### Greiðandi ber ábyrgð á sköttum

Samkvæmt 114. gr. laga nr. 75/1981 bera þeir sem inna af hendi slíkar greiðslur ábyrgð á sköttum viðtakanda vegna þessara greiðslna. Samkvæmt 22. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda ber launagreiðandi ábyrgð á þeim opinberu gjöldum sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir. Launagreiðandi samkvæmt þeim lögum er hver sá aðili sem innir af hendi eða reiknar út greiðslur sem teljast laun skv. 5. gr. þeirra laga. Í 6. tölul. 5. gr. kemur fram að greiðslur til aðila, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi og getið er um í 3. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981, teljist til launa í þessu samhengi, enda þótt greiðslan sjálf sé vegna annars en launa.

### Greiðslur til sjálfstætt starfandi aðila

3. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981

### Listamenn, skemmtikraftar, fyrirlesarar o.þ.h.

Menn og/eða lögaðilar sem fá greiðslu fyrir þjónustu innta af hendi hér á landi skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum. Ekki skiptir máli hvort aðili kemur fram á eigin vegum eða í nafni annars. Hér er m.a. átt við listamenn, skemmtikrafta, íþrótta-

menn, fyrirlesara, sérfræðinga o.fl. Með greiðslu fyrir þjónustu er átt við hvers konar endurgjald fyrir eigin vinnu og þjónustu skattaðila, þ.m.t. flutningur til og frá landinu, hafi móttakandi ekki greitt hann sjálfur. Skatthlutfall er 31,61% án persónuafsláttar. Sá sem kemur fram á eigin vegum í atvinnuskyni til skemmtunar eða keppni án ákveðinnar þóknunar, en nýtur þess í stað afraksturs af slíkri starfsemi, greiðir 24,61% skatt af heildartekjum án nokkurs frádráttar eða persónuafsláttar.

### Skyldur greiðenda

Þótt tekjur þessar séu afrakstur af sjálfstæðri starfsemi, falla þær undir skilgreiningu laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda af launatekjum og er því skylt að halda eftir staðgreiðslu af þessum tekjum. Réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla tekjuskatts er fullnaðargreiðsla þessara aðila hér á landi, án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning, nema þeir reki hér fasta starfsstöð. Þeir sem annast milligöngu um greiðslur þessar, sem og umboðsmenn listamanna, skulu gegna skyldum launagreiðanda varðandi afdrátt og skil á staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

### Greiðslur fyrir einkaleyfi, hvers konar réttindi eða sérþekkingu (copyrights, royalties)

6. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981

Menn og/eða lögaðilar sem fá héðan greiðslur fyrir afnot eða rétt til hagnýtingar á einkaleyfum, hvers konar réttindum eða sérþekkingu skulu greiða tekjuskatt af þeim greiðslum. Réttindi geta t.d. verið hugverk, s.s. bókmenntaverk, svo og réttindi, sem notuð eru í iðnaði og viðskiptum, s.s. vörumerki, sérleyfi, teikningar og framleiðsluaðferðir. Í sérþekkingu felst aðgangur að sérfræðilegum upplýsingum í hvaða formi sem er án þess að um vinnubátt sé að ræða. Ef greiðslan er fyrir sérþekkingu og vinnubátt í tengslum við hana er um að ræða greiðslu til sjálfstætt starfandi aðila (sérfræðinga), sbr. 3. tölul. 3. gr. Menn greiða 26,41% tekjuskatt á árinu 2000, ásamt útsvari af tekjum samkvæmt þessum tölulíð samtals 38,37%. Lögaðilar greiða sama skatt og innlendir lögaðilar, sbr. 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 72. gr. Tekjur þessar teljast launatekjur samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og er því skylt að halda eftir staðgreiðslu af þeim.

## Skilamáti skattframtala einstaklinga í rekstri 2002

Einstaklingum, sem tekjur hafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, verður gert skylt að skila skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 á árinu 2002 vegna tekna ársins 2001 og eigna í lok þess árs, ef velta rekstrarársins fer fram úr krónum 10 milljónum. Samkvæmt framansögðu ber viðkomandi að tryggja að sundurliðun tekna og gjalda í bókhaldi á árinu 2001 sé með þeim hætti að unnt sé að haga skattskilum í samræmi við form eyðublaðsins. Rétt þykir að minna á að hefðbundinn ársreikningur skal þó einnig fylgja.

## Áritun launaupplýsinga á skattframtal 2002

Vegna áforma um aukna áritun launaupplýsinga á skattframtal 2002 er athygli launagreiðenda vakin á því að uppfærsla launa-bókhalds er nauðsynleg vegna krafna um tölvutæk skil, aukinn áreiðanleika og öryggi þeirra upplýsinga, sem áritun grundvallast á.